

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

704. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 11. júlí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf Umhverfisráðuneytisins.-Landsskipulagsstefna.
3. Starfsmannamál Grunnskóla Húnaþings vestra.
4. Bréf Umhverfisráðuneytisins.- Umhverfisþing 2011.
5. Fundargerð 198. fundar skipulags-og umhverfisráðs.

Afgreiðslur:

1. Fyrsta lið frestað.
2. Lagt fram bréf Umhverfisráðuneytisins dags. 4. júlí 2011, þar sem óskað er eftir umsögn um drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu. Erindinu vísað til skipulags-og umhverfisráðs.
3. Starfsmanna mál í Grunnskóla Húnaþings vestra. Lögð fram til kynningar ráðning í auglýst störf við Grunnskóla Húnaþings vestra. Í 50% starf í eldhúsi frá og með 15. ágúst 2011 var ráðin Anita B. Jensen. Í 50% starf stuðningsfulltrúa skólaárið 2011-2012 var ráðin Margrét Hrönn Björnsdóttir og í 100% starf skólaliða skólaárið 2011-2012 var ráðin Kolbrún Björg Viggósdóttir.
4. Lagt fram bréf Umhverfisráðuneytisins dags. 30. júní 2011, þátttaka ungmenna í VII. Umhverfisþingi þann 14. október 2011. Erindinu vísað til menningar-og tólmstundaráðs.
5. Lögð fram fundargerð 198. fundar skipulags-og umhverfisráðs frá 7. júlí s.l. Fundargerð í 9 liðum. Borinn upp 1. liður fundargerðarinnar og hann samþykktur samhljóða. Tæknideild falið í samráði við Landmótun ehf. að vinna að framgangi málsins. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:52

Stefán E. Böðvarsson

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri